

151

10. nóv.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

1. gr.

Aftan við 8. lið í IV. kafla A. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ársleiga ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddir innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar-skipti, og gengur þegar í gildi.

Samgöngumálaráðherrann, 10. nóvember 1948.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

152

11. nóv.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 25 11. febrúar 1948, um ríkisábyrgð vegna bátaútvægsins o. fl.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflutningum söluverð það á framleiðslu þeirra 1948 til útflutnings, sem ákveðið er í 2. gr.

2. gr.

Pressufiskur:

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	2.97
II. —	— — —	2.69
III. —	— — —	2.46

Labraverkaður:

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	3.44
II. —	— — —	3.12
III. —	— — —	2.88

 $\frac{3}{4}$ verkaður:

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	3.91
II. —	— — —	3.56
III. —	— — —	3.28

 $\frac{7}{8}$ verkaður:

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.12
II. —	— — —	3.75
III. —	— — —	3.46